

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur og Svanfríðar Jónasdóttur um kostnað við sængurlegu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er kostnaður við hvern dag sængurlegu við fæðingu á fæðingardeildum sjúkrahúsa annars vegar og fæðingu í heimahúsi hins vegar?

Almennt liggur ekki fyrir kostnaðargreining vegna fæðinga á fæðingardeildum sjúkrahúsa, að Landspítala – háskólasjúkrahúsi undanskildu.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er heildarkostnaður við fæðingu án fylgikvilla 145.901 kr. og er meðallegutími vegna fæðingar 3,1 dagur.

Samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins er gjaldskrá fyrir heima-fæðingar eftirfarandi:

Greiðsla fyrir vitjun fyrir fæðingu	3.881 kr.
Greiðsla fyrir aðstoð við fæðingu	49.544 kr.
Greiðsla fyrir vitjun eftir fæðingu	3.881 kr.

Þegar um heima-fæðingu er að ræða er auk aðstoðar við fæðingu greitt fyrir allt að þremur vitjunum fyrir fæðingu og 11 vitjunum eftir fæðingu. Ekki er algilt að farið sé í þrjár vitjanir fyrir fæðingu og 11 vitjanir eftir fæðingu en það er þó gert í yfirgnæfandi fjölda tilvika. Heildarkostnaður við fæðingu í heimahúsi er því eftirfarandi:

Þrjár vitjanir fyrir fæðingu	11.643 kr.
Aðstoð við fæðingu	49.544 kr.
Átta vitjanir eftir fæðingu	42.691 kr.
Samtals kostnaður við heima-fæðingu	103.878 kr.